



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

38. Fundargerð

38. Fundur ungmennaráðs Grímsnes- og Grafnings var haldinn í frístundarhúsnæði fyrir ofan félagsheimilið, fimmtudaginn 12. febrúar 2025 kl. 18:00

Fundinn sátu:

Andri Smáráson

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ingibjörg Elka Þrastardóttir

Ísold Assa Guðmundsdóttir

Karólína Waagfjörð Björnsdóttir.

Kjartan Guðjónsson

Tinna Þorkelsdóttir

Óttar Guðlaugsson, Heilsu- og tómstundafulltrúi.

Fjarverandi voru: Ásdís Rún Grímsdóttir, Harpa Jakobsdóttir og Ingileifur Áki Jónsson

Gestur fundarins var Stormur Leó Guðmundsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Sveitarstjórnarskólinn og ungmennaráðið

Farið var yfir þátttöku og reynslu fulltrúa af námskeiði Sveitarstjórnarskólans. Kom fram að ekki allir hefðu haft tök á að ljúka námskeiðinu. Óttar hvatti fulltrúa til að ljúka því fyrir næsta fund.

Ákvörðun:

Samþykkt að allir fulltrúar ljúki námskeiðinu fyrir næsta fund ungmennaráðs.

2. Kosning í formannsæti

Samþykkt samhljóða að Ísold Assa Guðmundsdóttir taki sæti formanns.

Kosning fór fram um varaformann og Karólína Waagfjörð Björnsdóttir var kjörin varaformaður ungmennaráðs.

3. Hugmyndavinna

Farið var í skipulagða hugmyndavinnu undir stjórn Óttars þar sem rædd voru málefni sem snerta ungt fólk í sveitarfélaginu. Hugmyndir voru flokkaðar í eftirfarandi flokka:

- Afþreying og viðburðir



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

- Lýðheilsa
- Samgöngur
- Umhverfi
- Grunnskólinn

Í framhaldi var forgangsörðun unnin út frá mikilvægi og framkvæmanleika tillagna.

Ákvörðun:

Samþykkt að leggja megináherslu á:

- Að bæta upplýsingaflæði frá sveitarfélaginu til ungmenna
- Að útbúa kynningarmyndband á samfélagsmiðla til að vekja athygli á líkamsræktaraðstöðu
- Að efla forvarnir og kynfræðslu í grunnskóla

Samþykkt var að vinna áfram að þessum verkefnum í gegnum Messenger og stefna að upptöku kynningarmyndbands á næsta fundi. Ungmennaráðið lýsti sig reiðubúið til að halda aukafund ef þörf krefur. Aðrar tillögur verða teknar til frekari umfjöllunar síðar.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er samkvæmt fundardagskrá í fyrstu viku í mars. Ungmennaráðið mun jafnframt vera tiltækt til aukafundar vegna vinnu við myndbandsgerð og kynningu.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi var slitið kl 19.30